

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2000-2001

Ágætu rótarýfélagar !

Í hefðbundinni skýrslu stjórnar er litið yfir farinn veg og rifjuð upp atvik og atburðir liðins árs. Og mun það gert hér eins og hefðin býður.

Á liðnu rótarýári voru haldnir 49 almennir fundir þar sem voru flutt 44 erindi. Bókaðir stjórnarfundir urðu 12 á starfsárinu að meðtöldum fundum við undirbúning starfsársins.

Klúbbþing var haldið 5. apríl og var það tileinkað rótarýfræðslu og voru þeir Guðni Jónsson úr Rkl. Keflavíkur og Örn Smári Arnaldsson úr Rkl. Sel-tjarnarness fengnir til að flytja erindi. Því miður var mæting á þingið slök, en það er slæmt, því þarna var kynntur ýmis nauðsynlegur fróðleikur fyrir bæði eldri og yngri félagi.

Umdæmisstjóri kom í hefðbundna heimsókn á afmælisdag forseta 16. nóvember.

Skemmtifundir, ferðalög:

Fyrir utan hefðbundna fundi var ýmislegt sér til gamans gert:

Haldin var skemmtileg árs hátíð 7. október sem hófst með móttöku hjá Orkuveitu Reykjavíkur, en síðan var farið á Skútuna og haldið áfram með borðhaldi, skemmtunum, ræðuhöldum, fjöldasöng og dansi. Höfðu menn af árs hátíðinni hina bestu skemmtun.

Jólafundur var haldinn í Hásölum – safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju þann 21. desember. Guðrún Helgadóttir rithöfundur var gestur kvöldsins og las hún upp úr nýrri bók sinn. Hluti karlakórsins Þrasta kom og flutti okkur nokkur lög. Þessi fundur, sem var kvöldfundur, var afar vel heppnaður.

Þann 28. desember var haldinn hefðbundinn og fjölmennur afkvæmafundur þar sem Anna Pálína Árnadóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson komu í heimsókn og skemmtu viðstöddum bæði ungum sem öldnum. Var gerður góður rómur að þessum fundi.

Stórtónleikar Rótarýs voru haldnir í Salnum í Kópavogi föstudaginn 5. janúar og var hann fjölsóttur af okkar hálfu í þetta skipti því klúbbfélagar og gestir þeirra fylltu eina sætaröð í salnum. Menn skemmtu sér hið besta á þessum tónleikum.

Þorrafundur, sem haldinn var 25. janúar í Sjálfstæðishúsinu, var vel sóttur. Brugðið var út af venjunni og fundurinn haldinn að kvöldi. Á fundinum voru ræðuhöld, gamanmál ýmis og söngur var iðkaður að góðum þorrasíð. Voru menn kátir mjög með þessa samkomu.

Forseti sat fyrir hönd Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar hátíðarfagnað þann 6. febrúar í tilefni af 40 ára afmæli Rótarýklúbbs Kópavogs og fullgildingu Rótarý-

klúbbsins Borga í Kópavogi. Þarna var um mjög veglega, fjölmenna og vel skipulagða veislu að ræða.

Farið var í ferðalag til Kirkjubæjarklausturs daganna 12. og 13. maí og tóku þátt í þeirri ferð tæplega 50 manns. Á austurleiðinni var stoppað á Hvolsvelli og borðaður glæsilegur hádegisverður í boði Sláturfélags Suðurlands og um leið fengum við kynningu á fyrirtækinu. Í næsta áfanga var komið við að Skógum og minjasafnið skoðað undir frábærri leiðsögn Þórðar Tómassonar. Á Klaustri tók Bessi Þorsteinsson, félagi okkar, vel á móti okkur og var allt í senn gestgjafi, hóteltjóri, leiðsögumaður og góður félagi.

Okkur var öllum boðið í hanastél hjá Bessa og Agnesi og síðan var snæddur góður kvöldverður. Seinni daginn var farið í Eldkirkjuna, komið við í bleikjueldisfyrirtæki og loks var stoppað á Höfðabrekku í baka- leiðinni. Engum þurfti að leiðast í rútunni því Eyjólfur Sæmundsson annaðist leiðsögn með miklum ágætum.

Venjubundin skógræktarferð var farin á Uppstigningardag 24. maí og var þátttaka þökkaleg, því á staðinn mættu um 25 manns, sem unnu við ýmis ræktunarsörf, Á eftir var farið í heimsókn til Jóns Vignis og þar grillað í besta yfirlæti.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka séstaklega formanni skemmtinefndar svo og formanni ferðanefndar fyrir frábært starf á þessu starfsári.

Skiptinemi:

Eins og flest undanfarin ár var hjá okkur skiptinemi að nafni Tiffany Lee Robinson frá Michigan í Bandaríkjunum og hefur hún dvalið hjá Jóni Auðuni, Guðmundi Rúnari og nú síðast hjá Jóhannesi Pálma. Tiffany hefur reynst vera hinn besti fulltúi fyrir skiptinemastarfið.

Á undanförunum árum hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að vista þá skiptinema sem hjá okkur hafa dvalið, en það verður að breytast svo hægt verði að skila þessu starfi svo sómi sé að fyrir klúbbinn okkar. Ég vil leggja á það áherslu að skiptinemastarfsemin er einn af hornsteinum Rótarýs.

Forseti sótti samkomu sem haldin var fyrir alla skiptinema á vegum Rótarýumdamisins í Norska bústaðnum í Heiðmörk 1. október. Æskulýðsnefnd sá um samkomuna fyrir okkar hönd og var framkvæmdin okkur til mikils sóma. Þess má geta að þetta var mjög eftirminnileg skemmtun.

Ég vil þakka æskulýðsnefnd og formanni hennar sérstaklega fyrir farsælt og gott starf á liðnu starfsári.

Félagatal:

Á liðnu starfsári voru teknir inn sex nýir félagar í klúbbinn, en því miður varð að víkja tveimur félögum

úr klúbbum, þannig að í lok rótarýársins eru 65 félagar í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og 5 heiðursfélagar.

Á árhátíðinni 7. október voru þeir Skúli Þórsson og Hjalti Jóhannsson heiðraðir með Paul Harris útnefningu fyrir frábær störf í þágu klúbbsins. Um leið var að venju greitt framlag í Rótarýsjóðinn. Þess má geta að okkar klúbbur hefur þar með uppfyllt óskir umdæmisins og Rotary International bæði um fjölgun félaga og framlög til Rótarýsjóðsins.

Þess skal ennfremur getið að alls hafa 28 félagar í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar verið gerðir að Paul Harris félögum.

Markmið og árangur:

Í upphafi rótarýársins setti stjórn klúbbsins sér nokkur markmið sem öll hafa náðst:

Samþykkt var að afhenda félagatalið á stjórnarskiptafundi og var svo gert, eftir því sem best er vitað í fyrsta skipti.

Stefnt skyldi að því að viðhalda formfestu í fundarhaldi – að hafa öðru hverju borðamerkingar til að vísa mönnum til sætis, í anda rótarýs - að viðhalda föstum verkefnum klúbbsins og ennfremur að halda árhátíð. Allt framangreint hefur gengið eftir.

Stefnt skyldi að því að gera Rótarýklúbb Hafnarfjarðar sýnilegri en hann hefur verið hingað til. Klúbburinn fékk umfjöllun í Fréttabréfi umdæmisstjóra, hann komst á síður Rotary Norden og síðast en ekki síst var opnuð heimasíða klúbbsins, sem örugglega á eftir að verða góð auglýsing þegar fram líða stundir. Ég vil sérstaklega þakka Guðna Gíslasyni hans framlag við heimasíðugerðina og uppfærslu, en hann kom að fyrri bragði til mín og bauðst til þess að taka þetta verkefni að sér.

Stefnt var að því að hafa fundarefni sem oftast og sem áhugaverðust og hefur það algjörlega gengið eftir, því fundarefni hefur aldrei fallið niður á liðnu rótarýári. Þetta kallar á góða skipulagningu og samvinnu forseta og nefndarformanna, en eitt af mark-

miðum þeim sem sett voru var að virkja betur nefndir klúbbsins og hefur það tekist með miklum ágætum.

Áður var nefnt að fjölga skyldi félögum og að greiða í Rótarýsjóðinn.

Ákveðið var að stefna að því að Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar tilnefndi umdæmisstjóra 2003-2004. Það hefur þegar verið samþykkt af umdæmisráði og mun tilnefningin verða á umdæmisþinginu þann 30. júní.

Forseti lagði ríka áherslu á það í upphafi starfsársins að stjórnarmenn hefðu gaman að því að vera í stjórn, úr því sem komið væri. Mér hefur sýnst að stjórnarmenn hafi, þrátt fyrir miklar annir, haft mikla ánægju af stjórnarsetunni, og ég segi fyrir mig sjálfan persónulega að ég hef aldrei verið í skemmtilegri, starfsamari og samhentari stjórn en þessari.

Ágætu félagar! Öll markmið stjórnar standa hins vegar og falla með þátttöku ykkar sem í klúbbum eru á hverjum tíma. Ykkar þátttaka hefur að mínu mati verið sérstaklega góð á þessu starfsári.

Ég vil þakka formönnum nefnda fyrir einstaklega gott samstarf á liðnu

starfsári, ég vil þakka ykkur félagar góðir fyrir góða þátttöku í klúbbstarfinu og ég get ekki látið hjá líða að þakka Albert Kristinssyni sérstaklega fyrir góð ráð. Það er gott að geta leitað til manna eins og hans þegar hollra ráða er þörf.

Ég vil að lokum þakka sérstaklega stjórnarmönnum mínum fyrir það frábæra starf sem þeir hafa innt af hendi á liðnu stjórnarári. Ég hefði ekki getað kosið mér betri stjórn til að vinna með.

Þó ný einkunarorð séu örugglega þegar komin fram fyrir næsta rótarýár, þá vil ég nú samt leggja áherslu á að nota áfram þau einkunarorð sem við höfum haft að leiðarljósi á liðnu rótarýári, jafnhliða þeim nýju. Því okkar einkunarorð hafa gengið svo vel eftir í starfi klúbbsins að mínu mati, en eins og allir, sem hér eru, vita þá eru einkunarorðin „Verum vakandi og virk“.

Við skulum vera áfram vakandi og virk.